

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 556/2007 um kattahald í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra.

2. gr.

Við samþykktina bætist ný grein, 11. gr. svohljóðandi og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Eigendum katta er skylt að ábyrgðartryggja sig gegn tjóni sem kettir þeirra kunna að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum og skulu þeir árlega framvísa til sveitarfélagsins staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafélagi þar um.

3. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 16. febrúar 2011.

F. h. r.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.